

Niðurstöður úr SET lista á Kiðagili í nóvember 2019

SET listinn er matstæki til að meta árangur og uppbyggingu SMT – skólafærni skóla. Listinn er lagður fyrir með viðtölum við börn, starfsfólk og stjórnendur leikskólans, með áhorfi í skólanum sjálfum og með því að skoða handbækur og önnur SMT gögn.

Niðurstöður listans er ætlað að nota til að þróa, endurskoða og/eða bæta SMT – skólafærni viðkomandi skóla. Listinn er lagður fyrir einu sinni á ári og því gott tæki til að bera saman árangur milli ára.

Dalrós og Sesselja heimsóttu leikskólann Kiðagil þann 29. október sl. Rætt var við börn og starfsfólk og einnig litið á SMT gögn leikskólans. Tekið var viðtal við starfsmenn og börn á Engjarós og Smára en einnig var litið á gögn á öðrum svæðum skólans.

Niðurstöður SET listans á Kiðagili eru þær að skólinn er að vinna SMT á fullnægjandi hátt. Heildarmeðaltal skólans er 94 %. Skólar sem fá 80 % eða meira í heildarmeðaltal eru að innleiða og vinna eftir SMT á fullnægjandi hátt. Í listanum eru 8 flokkar sem kannaðir eru og var heildarmeðaltal þessara átta flokka 94 %.

Hér fyrir neðan er farið yfir niðurstöður listans (Flokkar A – H):

A. Reglur skilgreindar – $8/8 = 100\%$

Jákvæðar skólareglur eru til staðar, eru sýnilegar og í hæð nemenda á öllum deildum.

B. Reglur kenndar – $6/6 = 100\%$

Til staðar er reglutafla þar sem kemur fram yfirlit um reglur og hvenær á að kenna reglur. Í leikskólanum eru fjórar yfirreglur og 13 undirreglur. Starfsmenn nefndu flestir allar yfirreglur og nokkrar undirreglur og eru því að tilgreina meirihluta reglna. Tekin voru samtöl við 6 börn, þar sem þau voru spurð út í reglur. Öll töldu börnin upp þrjár yfirreglur þ, e fara eftir fyrirmælum, hafa hendur og fætur hjá sér og nota innirödd. Einnig nefndu þau nokkrar undirreglur. Flest barnanna sögðu reglurnar orðrétt en einnig var talað um að „ekki syngja við matarborðið“ og „ekki tala þegar hinn er að tala“.

C. Viðbrögð við æskilegri og óæskilegri hegðun – $13/14 = 93\%$

1. Til staðar er kerfisbundin leið til að umbuna fyrir æskilega hegðun og taka flestir starfsmenn þátt í að nota kerfisbundnar aðferðir til að umbuna fyrir æskilega hegðun. Börnin fá bros þegar þau fylgja reglum og safna. Þegar takmarki er náð er umbun veitt. Einnig er notuð félagsleg hvatningu. s.s. „þumall“ og „fimma“. Einnig eru einhver börn með persónuleg umbunakerfi ef þörf þykir.

2. Til staðar er ákveðið ferli sem starfsmenn fylgja varðandi viðbrögð við óæskilegri hegðun, s.s. forréttindamissir, einvera og minna á regluna. Á báðum deildum var eitt barn minnt á regluna og leiðrétt fyrirfram. „Hafa hendur og fætur hjá sér“.
3. Í áhorfi var nokkuð um munnlegt hrós og jákvæða athygli. Það sem dregur Kiðagil niður í þessu áhorfi er að á Engjarós var ekki jafnvægi á milli jákvæðra og neikvæðra athugasemda. Þar voru þrjár jákvæðar athugasemdir á móti tveimur neikvæðum.
4. Á báðum deildum heyrðum við notað markvisst munnlegt hrós einu sinni á hvorri deild.

Hér má benda á að það var mikið um jákvæða athygli og samskipti á báðum deildum. Við söknuðum þess að heyra ekki meira af markvissu hrósi þar sem tækifæri voru til staðar.

D. Skipulagt og fyrirjárnlegt umhverfi – $9/10 = 90\%$

Myndrænt skipulag var að finna á deildunum. Allir starfsmenn gátu sagt hvað tekur við eftir að samverustund lýkur og áttu börnin einnig í flestum tilfellum auðvelt með að nefna hvað væri næst á dagskrá. Á báðum deildum sáum við skiptitíma og var notað kerfi á báðum deildum. Klappað var þegar breytingar urðu á viðfangsefnum. Á Engjarós var gerður fyrirvari með orðum um að breytingar væru á viðfangsefnum.

E. Eftirlit og ákvarðanartaka – $8/8 = 100\%$

Til staðar er eyðublað til að skrá óæskilega hegðun og er skráð í það daglega. Vikuleg einveruskráning er síðan í hverjum mánuði sem sett er upp í kerfi og unnin úrbótaáætlun í samræmi við niðurstöður.

F. Þátttaka fjölskyldu – $8/10 = 80\%$

Foreldrar hafa möguleika á að koma og taka þátt í starfi leikskólans og hafa deildarstjórar regluleg samskipti við þá, svo sem tölvupóstur, viðtöl, dagleg samskipti o.fl. Foreldrar er einnig upplýstir um reglur a.m.k. einu sinni á ári og fá skriflegar upplýsingar um framkvæmd SMT skólafærni. Fulltrúar foreldraráðs fengu ekki tækifæri til að taka þátt í endurskoðun reglna á árinu og það dregur niður þennan þátt.

G. Stjórnun – $11/12 = 92\%$

Í skólanum er til staðar teymi sem heldur utan um og styður við SMT skólafærni og var þetta staðfest af starfsmönnum. Teymið samanstendur af aðstoðarleikskólastjóra, kennara og sérkennslustjóra. Í teymið vantar ófaglærðan til að vera þverskurður starfsmanna. Teymið fundar í hverjum mánuði og upplýsir þá starfsmenn sem ekki eru á fundinum um framvindu og markmið SMT með fundargerðum. Til staðar er

aðgerðaráætlun með ákveðnum markmiðum tengdum SMT skólafærni. SMT mappa uppfærð 2019.

H. Stuðningur við verkefni – $8/8 = 100\%$

Samkvæmt viðtali við stjórnanda þá er gert ráð fyrir ákveðnu fjármagni til að þróa og viðhalda SMT. Starfsmenn hafa tíma og fá úrræði til að vinna að markmiðum verkefnisins. Starfsmönnum hefur gefist kostur á fræðslu á árinu og meirihluti þeirra sem rætt var við telur sig hafa nægan tíma og úrræði til að vinna að markmiðum SMT skólafærni.

Til hamingju starfsfólk á Kiðagili. Heildarmeðaltal ykkar er 94% sem er frábær árangur.

Bestu kveðjur,
Dalrós og Sessa.